


Til fjárlaganefndar Alþingis

**Efni: Umsögn um mál nr. 1 á 151. löggjafarþingi 2020–2021: Fjárlög 2021**

Það er ómótmælanleg staðreynd að grunnupphæðir lífeyrisgreiðslna frá TR hafa verið að dragast aftur úr launaþróun á undanförmum árum. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að í 69. grein almannatryggingarlaga sé kveðið á um að taka skuli mið af launaþróun við árlegar ákvarðanir um breytingar á grunnupphæðum almannatrygginga. Meðfylgjandi myndir sýna þetta misgengi svo ekki verður um villst.<sup>1</sup>

Ellilífeyririnn, sem er mikilvægasta stærðin sem snýr að öldruðum í þessu dæmi, hefur farið á 10 árum úr því að vera sem svarar 91,5% af lágmarkslaunum niður í 75% á þessu ári, sbr. mynd 1. Einungis milli 2016 og 2017 leitaði hann örlítið uppávið, en svo seig aftur á ógæfuhliðina. Og samkvæmt fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 lítur út fyrir að til standi að láta þessa niðurkeyrslu halda áfram.




Í frumvarpinu er að finna nokkrar mismunandi prósentutölur um áætlaðar launahækkanir 2021: Á blaðsíðu 121 segir að áætlað sé að „almennar launahækkanir á árinu 2021 verði um 3,6% að jafnaði.“ Þar til viðbótar komi hækkanir vegna breytinga á orlofsréttindum, þannig að hækkun launakostnaðar verði um 4%. Eins og kunnugt er eru gildandi launasamningar þannig útbúnir, að lægstu launin hækka mest, þannig að ef þessi spá reynist raunsæ, þá munu lægstu launin hækka meira en þetta meðaltal. Og ekki nóg með það, hér er verið að tala um strípaðar taxtahækkanir, sem þýðir að launavísitalan

1 Myndirnar eru byggðar á talnaefni frá Hagstofu Íslands um launavísitölu og frá Tryggingastofnun um lægstu laun og upphæðir ellilífeyris. Á mynd 2 eru launavísitalan og „vísitala“ lægstu launa báðar umreiknaðar niður í 100 fyrir árið 2010. Það ár var ellilífeyririnn 91,5% af lægstu launum, sbr. mynd 1, og er kúrva hans látin byrja í þeirri prósentu.

og launin munu í raun hækka talsvert meira. Þetta kemur líka fram í frumvarpinu sjálfu, því að í töflu yfir launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins á bls. 331 segir að forsendurnar séu m.a. að vísitala neysluverðs muni hækka um 2,7% og laun um 5,2%.

En niðurstaða frumvarpsins um hækkun upphæða hjá almannatryggingum er að þær skuli aðeins hækka um 3,6%. Höfundar frumvarpsins hafa sem sagt gripið upp lögstu hækkunarprósentuna sem þeir gátu fundið í þessum potti - áætlaðar meðal-taxtahækkanir milli ára 2020 og 2021. Ef þetta nær fram að ganga mun kjaragliðnun undanfarinna ára halda áfram að aukast, og kjör lífeyristaka sem háðir eru greiðslum TR um afkomu sína dragast enn lengra aftur úr kjörum annarra landsmanna.



Á mynd 1 sést glögggt að á árabílinu 2010-2020 hefur ellilífeyririnn dregist jafnt og þétt aftur úr lágmarkslaunum. Ef til vill segja einhverjir sem svo, að ekki sé rétt að bera saman við lágmarkslaunin, því þau hegði sér á annan hátt en launavísitalan sem mælir öll laun. Hér fylgir því einnig mynd 2, sem ber þróun ellilífeyrisins saman við bæði þróun launavísitölu og lögstu launa. Niðurstaðan er sú sama og fyrr: Lögstu launin hafa reyndar farið ívið hraðar upp en launavísitalan, en ellilífeyririnn hefur dregist jafnt og þétt aftur úr bæði launavísitölu og lögstu launum.

Með tilliti til þessara staðreynda er ekki hægt með réttu að halda því fram að Alþingi sjálf hafi virt ákvæði 69. gr. almannatryggingarlaga um hækkanir lífeyrisins milli ára, við afgreiðslu fjárlaga hvers árs á þessu tímabili.


Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir misgenginu sem orðið er milli upphæða almannatrygginga og launaþróunar í landinu. Ef einhver skyldi halda að þetta snúist um eitthvert smáræði eða minniháttar ónákvæmni, þá er það meinlegur misskilningur. Þetta snýst um háar upphæðir sem skipta sköpum fyrir þá sem eiga allt sitt undir greiðslum almannatrygginga. Í krónutölum lítur þetta svona út:

- Árið 2010 var ellilífeyririnn 153.500 kr. á mánuði, en í ár er hann 256.800 kr.
- Ef hann hefði hækkað eins og launavísitalan væri hann núna 297.600 kr. eða 40.800 kr. hærri.
- Ef hann hefði hækkað eins og lögstu laun væri hann núna 313.500 kr. eða heilum 56.700 kr. hærri!

- Það munar um minna en slíkar upphæðir hjá fólki sem hefur ekki annað til að lifa af en þessar greiðslur frá TR. Undirritaður skorar því á hæstvirta fjárlaganefnd að hún leggi til breytingar á fjárlagafrumvarpi 2021 með það að markmiði að strax á næsta ári verði hafin

sú vegferð að vinda ofan af þeirri óheillaþróun í lífeyrismálum aldraðra og öryrkja sem hér hefur verið lýst.

Virðingarfyllst,



Finnur Birgisson,  
Dvergaborgum 3,  
112 Reykjavík  
Kt: 070646-3239

Viðauki: Talnaefni, sem liggur til grundvallar umsögninni.

Ár	A Launa vísitala <sup>1)</sup>	B Launa vísitala b <sup>2)</sup>	C Lægstu laun <sup>3)</sup>	D Lægstu laun, vísit.	E Ellilífeyrir <sup>4)</sup>	F Heimilis uppbót <sup>5)</sup>	G Ellilífeyrir Vísit.	H Ellilífeyrir Hlutf. af C	I Hlutfall H*D/100
	%	%	Kr./mán.	%	Kr./mán	Kr./mán	%	%	%
2010	375,8	100	167.717	100,0	153.500	27.242	100,0	91,5	91,5
2011	401,3	106,8	183.308	109,3	164.030	28.529	106,9	89,5	97,8
2012	432,5	115,1	198.608	118,4	174.946	30.480	114,0	88,1	104,3
2013	457,0	121,6	209.817	125,1	181.769	31.669	118,4	86,6	108,4
2014	483,5	128,7	220.925	131,7	188.313	32.809	122,7	85,2	112,3
2015	518,2	137,9	244.667	145,9	193.962	33.793	126,4	79,3	115,6
2016	577,1	153,6	270.542	161,3	212.776	37.071	138,6	78,6	126,9
2017	616,6	164,1	284.648	169,7	228.734	52.316	149,0	80,4	136,4
2018	656,4	174,7	304.750	181,7	239.484	60.516	156,0	78,6	142,8
2019	688,5	183,2	326.750	194,8	248.105	62.696	161,6	75,9	147,9
2020	728,6	193,9	342.583	204,3	256.789	64.889	167,3	75,0	153,1
2021					266.033		173,3		

Skýringar við töflu:

- 1) Heimild: Hagstofan. Vísitala 2020 er áætluð m.v. stöðu í ágúst.
- 2) Vísitalan umreiknuð, sett á 100 árið 2010.
- 3) Heimild: Mælaborð Tryggingastofnunar.
- 4) Heimild: Tryggingastofnun. Fyrir árin 2010-2016 er notuð samanlögð hámarksupphæð ellilífeyris, tekjutryggingar og sérstakrar framfærsluuppbótar.
- 5) Heimild: Tryggingastofnun.